


Alþingi
Erindi nr. P 127, 482
komudagur 11.12.2001



ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

7. desember 2001

*Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík*

Vísað er til beiðni sjávarútvegsnefndar Alþingis dagsett 27. nóvember 2001, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um umgengni um nytjastofna sjávar, 286. mál, brottkast afla. Hér með fylgir umbeðin umsögn.

Virðingarfyllst,

Þórður Friðjónsson,
forstjóri

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996,
um umgengni um nytjastofna sjávar. 286. mál.**

Tilgangur frumvarpsins er að auðvelda eftirlit með brottkasti afla. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu munu ákvæði sem skylda fiskiskip að koma með allan afla að landi auðvelda lögsókn á hendur þeim sem kasta verðminni fiski fyrir borð. Þjóðhagsstofnun telur mikilvægt að herða eftirlit með brottkasti á verðminni fiski. Þessi fiskur er oft smáfiskur sem er verðlítill á markaði en mjög verðmætur í sjó. Ef hert eftirlit með brottkasti leiðir til þess að fiskiskip reyna í auknum mæli að forðast að veiða smáfisk þá mun nýting fiskistofnanna verða hagkvæmari.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra megi heimila undanþágur frá reglunni um að skylt sé að hirða og landa öllum afla. Þetta ákvæði er mikilvægt vegna þess að líklegt er að verulegur hluti fiska sem veiðist í tiltekin veiðarfæri lifi af ef þeim er sleppt.